

AUGLÝSING

um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði,
nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Suðurprófastsdæmi:

Selfoss- og Eyrarbakka prestaköll, sameinist í eitt prestakall, Árborgar prestakall.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra:

Digranes- og Hjallaprestaköll, sameinist í eitt prestakall, Digranes- og Hjallaprestakall.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra:

Ás-, Langholts- og Laugarnes prestaköll, sameinist í eitt prestakall, Laugardals prestakall.

Vestfjarðaprófastsdæmi:

Bolungarvíkur-, Holts-, Ísafjarðar- og Þingeyrar prestaköll, sameinist í eitt prestakall, Ísafjarðar prestakall.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi:

Akureyrar- og Laugalandsprestaköll, sameinist í eitt prestakall, Akureyrar- og Laugalandsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 6. október 2020.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 7. október 2020